

Stjórnarfundur SÍK 22. September 2015

Mættir: Ólafur, Hermann, Páll, Haraldur, Guðlaugur, Sveinbjörg, Ragnar, Birna Gerður. Forföll: Kristján og Ingveldur. Upphafsorð hafði Páll Friðriksson og las úr Jóhannes 17:15-21 og undirstrikaði að Jesús biður fyrir okkur. Sambænaustund.

1. Fundargerðir

- a. Frá síðasta stjórnarfundum, engar athugasemdir. Fram kom hugmynd um að setja fundargerðir stjórnar á heimasíðu SÍK í stað þess að senda þær út til kristniboðsfélaga.
- b. Frá stjórnarfundum Salts ehf, sjá síðar.
- c. Frá Basarnefnd, sjá síðar.

2. Fjárhagsstaðan

- a. Staðan eftir 8 mánuði hjá SÍK án Salts ehf er um 3 mkr tap. Ekki hefur borist mikið af sérstökum gjöfum eða óvenjulegum. Einnig hafa styrkir ekki verið bókfærðir. Laun eru hærrí en í fyrra og útgjöld til starfsins úti hafa verið bókfærð meiri en í fyrra. Ef fer sem horfir stefnir í 5,5 mkr halla, en margt getur haft áhrif á þetta.
- b. Basarinn hefur verið svipaður og í fyrra. Nokkuð minni tekjur en við gerðum ráð fyrir. Stefnir í 5,8 mkr hagnað, en í fyrra var hann um 6,4. Þetta er um 1 mkr lægra en við reiknuðum með í tekjur.
- c. Salt ehf sýnir hálfa milljón í halla eftir 8 mánuði, sem er svipað og í fyrra.

3. Fréttir og eftirfylgni við fyrri ákvarðanir.

- a. Unnið er í að tæma efri hæðina á Basarnum. Innréttingin verður flutt niður. Stálhillur uppi þurfum við að selja sjálf eða geyma ef húsnæðið niðri verður stækkað. Mikið er um bækur og annað vegna arfs. Í skoðun er að losa eitthvað af skjölum í geymslunni. Vonast er eftir að geta hóað í sjálfbóðaliða til að hjálpa til við að flytja dót milli hæða.
- b. Finnsku sjálfbóðaliðana vantar húsnæði til gistingar. Ragnar fylgir því eftir.
- c. Útgáfa ævisögu Ólafs Ólafssonar er til skoðunar. Ýmsar myndir eru til í skjalasafni NLM frá honum. Merkingar á íslensku.
- d. Faghandleiðsla starfsfólks biður næsta fundar.
- e. Samkomunefnd er enn í skoðun. Ýmsir hafa verið spurðir og aðrir enn til athugunar.
- f. Fanney og Fjölur fara til Kenýu í 5 vikur kringum jólin. Kosta ferðirnar út sjálf en SÍK greiðir ferðakostnað innanlands. Í skoðun er að senda eldri kristniboða til Kenýu og Eþíópíu eftir áramót. Stjórnin lítur mjög jákvæðum augum á það.
- g. Hildur Björg Gunnarsóttir er tilbúin að sækja Younger Leaders Gathering 2016 á vegum Lausanne-hreyfingarinnar sem fulltrúi okkar héðan. Þetta er vika í Indónesíu, 1000 manns sækja hana. SÍK mun leita styrkja til að dekkja ferðakostnaðinn en annars tryggja greiðslu ferðakostnaðar upp að 150 þús. kr.
- h. Biblíuskólinn hefur verið kynntur. Aðeins um 10 hafa skráð sig, flestir í eldri kantinn. KRUNG ferð er í undirbúningi. Tenging við UL og beint til Kenýu er í bígerð. Margir vilja fara aftur á UL.
- i. Spurt hefur verið um byggingarstyrk til Biblíuskólans í Arba Minch frá SWS, Eþíópíu. Beðið er eftir álitum frá NLM og umsögn Kalla. Frestað.
- j. Ekki er hægt að fá styrki fyrir nýbúakennslu á þessu ári frá Fjölmenningssetri Íslands. Innanríkisráðuneytið er hugsanlega með peninga til slíkra verkefna á næsta ári. Það kann að verða þunguþótt, en málefnið er í takt við það sem boðið er. Sótt verður til

Landsbankans um fjórðungsmilljón samfélagsstyrk. Svar ekki komið. Enn sem komið er höfum við ekki bolmagn til að ráða í stöðu vegna íslenskukennslunnar.

- k. Janet Sewell er nokkuð háð þeim stuðningi sem hún hefur fengið héðan. Hún starfar í boðunar og kennslumálum á vegum Hellenistic ministries / Joshua project í Grikklandi. Hún hefur menntað sig í trúvörn og vill búa til myndbönd í því sambandi og til boðunar. Við óskum eftir að fá fréttir af starfi hennar og kynningu á því. Stjórnin samþykkir að halda óbreyttum styrk (30 þúsund á mánuði) út 2016.

4. Salt ehf. Staða, framtíð, útgáfa og rekstur.

- a. Skuld Salts ehf er um 9 mkr. Einhverjar viðskiptakröfur eru ógreiddar og rétt að reyna að innheimta það til þrautar. Fyrir liggur tillaga frá stjórn Salts ehf að afskrifa þessa skuld eða greiða hana niður með styrkjum frá SÍK á næstu 3-4 árum samtímis því sem reynt verður að koma lagernum í verð með sölu. Ekki er hægt að leggja niður launakostnað nema að hluta. Einnig má afskrifa skuldina strax að miklum hluta eða öllu. Hermann og Ragnar skoða aðgerðir í þessu sambandi og leggja fram á næsta fundi. Gæta þarf þess að skuld safnist ekki upp á ný.
- b. Við getum ekki reiknað með að það sé hagnaður af kristilegri bókaútgáfu. Líta má á þetta sem kristniboð. Eitthvað er til af upplesnum bókum hjá Lindinni til að selja sem hljóðbók. Stjórnin tekur undir tillögur stjórnar Salts ehf með aðgerðir til að koma bókum í sölu.
- c. Aðalfundur Salts sé í hálf tíma í upphafi næsta stjórnarfundar SÍK.

5. Stækkun Basarsins

- a. Hugmynd er um að færa út útveggina út fyrir súlurnar umhverfis Basarinn svipað og gert hefur verið í hinum enda hússins. Það myndi auka rýmið um rúma 50 fm. Til eru samþykktar teikningar fyrir þessu og samþykkt frá húsfélaginu. Endurnýja þarf byggingaleyfi eða umsögn borgarinnar. Með sjálfboðavinnu sem getur verið töluverð við stækkunina má reikna með að þetta verði ca. Heildarkostnaður upp á 8-12 mkr.
- b. Tekjuaukning gæti orðið einhver við breytinguna, og við endurheimtum pláss sem við höfðum uppi að einhverju leyti. Þetta myndi bæta aðstöðu Basarsins til muna. Hugsanlega yrði betra pláss fyrir húsgögn og fyrir kynningu á SALT bókum t.d. Leyfin þarf að láta reyna á. Páll fær leyfi til að vinna áfram með málið. Við viljum sjá hvernig skipulag á rýminu verður svo tryggt sé að hver „deild“ hafi sitt pláss.

6. Bréf og fyrirspurnir.

Eldvarnareftirlitið vill hafa flóttaleiðir út úr kennslustofu og öðrum eignum á hæðinni sem við eigum (Kýropraktorsstofa). Settar verða svalir aftan til og opnanlegt fag í kennslustofu. Óhjákvæmilegur kostnaður er áætlaður 1,2 mkr.

7. Önnur mál

Kennaraverkfall í Kenýu hefur áhrif á alla skóla í landinu og þá einnig „okkar“ skóla.

8. **Næsti fundur** hefst með Aðalfundi Salts ehf kl 18:00 þriðjudaginn 20. október.

Ólafur lauk fundi með bæn.